

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 20. mars kl. 10:04, var haldinn 32. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Aron Leví Beck, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Baldur Borgþórsson og Þór Elís Pálsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Hermannsson, Marta Grettisdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa situr fundinn, eftir atvikum undir liðum 1-9. Starfsfólk skrifstofu umhverfisgæða og skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá umhverfis- og skipulagssviði situr fundinn, eftir atvikum undir liðum 13 og 14. Fundarritari er Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. **Skipulags- og samgönguráð 2018-2022,** Mál nr. SN130008  
fundadagatal

Lagt fram fundadagatal skipulags- og samgönguráðs fyrir árið 2019, dags. 20. mars 2019.

#### (A) Skipulagsmál

2. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa** Mál nr. SN010070  
**Reykjavíkur, fundargerð**

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 15. mars 2019.

3. **Háskóli Íslands, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190115  
vegna lóðanna nr. 41-43 við Suðurgötu  
og 29 og 31 við Hringbraut  
471107-0180 Andrúm arkitekta ehf., Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík

Lögð fram til kynningar umsókn Andrúms arkitekta ehf. dags. 21. febrúar 2019 ásamt bréfi dags. 20. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austan Suðurgötu, vegna lóðanna nr. 41-43 við Suðurgötu og 29 og 31 við Hringbraut. Í breytingunni felst að fjölga stúdentaíbúðum á háskólasvæðinu með stækkun á Gamla Garði með viðbyggingu og hugsanlegri nýtingu Stapa sem stúdentaíbúða, samkvæmt uppdr. Andrúms arkitekta ehf. dags. 15. febrúar 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Kynnt.

Kl. 10:16 tekur áheyrnarfulltrúinn Daníel Örn Arnarsson sæti á fundinum. Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri og fulltrúar Andrúms arkitekta ehf. Haraldur Örn Jónsson og Kristján Garðarsson og fulltrúi Félagsstofnunar stúdenta Guðrún Björnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Kjalarnes, Sætún, breyting á** Mál nr. SN180648  
deiliskipulagi  
070763-3899 Kristinn Gylfi Jónsson, Mýrargata 26, 101 Reykjavík  
440406-0840 Kjalarnes ehf., Sundaborg 1, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 1. febrúar 2019 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar

í B-deild Stjórnartíðinda þar sem ekki eru uppfyllt ákvæði skipulagsreglugerðar um 50 m. fjarlægð frá vegi sbr. gr. 5.3.2.5 og skilmálar sem gilda eiga eftir breytinguna eru ekki nógu skýrir o.fl. samkvæmt bréfi stofnunarinnar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt lagf. uppdr. Einars Ingimarssonar dags. 29. október 2018 br. 14. mars 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2019.

Skipulags- og samgönguráð samþykkir viðbrögð og breytingar sem koma fram í svörum skipulagsfulltrúa við athugasemdum Skipulagsstofnunar sbr. bréf dags. 14. mars 2019.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Álmgerði 1**, breyting á deiliskipulagi (01.803.1) Mál nr. SN180780  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
500300-2130 Landspítali, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 7. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Landspítala Grensásdeildar vegna lóðarinnar nr. 1 við Álmgerði. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður, byggingarmagn og nýtingarhlutfall eykst, hæð viðbygginga til vesturs breytist, bílastæðafjöldi breytist ekki vegna eðlis starfseminnar og gert verði ráð fyrir 31 hjólastæði, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 27. september 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Melgerði 1**, lóðarbreyting (01.814.0) Mál nr. SN180384  
010372-3569 Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík  
070957-2489 Halla Arnardóttir, Melgerði 1, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Magnúsar Jenssonar dags. 21. maí 2018 ásamt tillögu að breyttum lóðarmörkum Melgerði 1. Í tillögunni felst stækkun lóðarinnar nr. 1 við Melgerði til norðausturs yfir borgarland, samkvæmt uppdr. Magnúsar Jenssonar dags. 21. maí 2018, leiðr. 7. desember 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. desember 2018 til og með 21. janúar 2019. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ingibjörg F. Ottesen dags. 10. janúar 2019, Gísli Gunnlaugsson og Elfur Sif Sigurðardóttir dags. 11. janúar 2019, Guðríður Þorvaldsdóttir dags. 15. janúar 2019 og 21 aðili að Búdagerði dags. 15. janúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2019.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2019.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Njálsgata 60**, breyting á deiliskipulagi (01.190.3) Mál nr. SN180771  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík  
431014-1060 Mannvirki ehf., Skútuvogi 11a, 104 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 5. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.3, vegna lóðarinnar nr. 60 við Njálsgötu. Í breytingunni felst að skilmálatafla er uppfærð og húsheiti Njálsgata 60 og Njálsgata 60A eru sameinuð undir heitinu Njálsgata 60. Friðun timburhúss að Njálsgötu 60 hefur verið afnumin og í stað þess verður heimilt að byggja nýtt hús á lóðinni. Byggingarmagn á lóðinni er óbreytt, en byggingareit er breytt, þannig að

viðbygging til suðurs styttist, breikkar og hækkar (stallast). Auk þess er gert ráð fyrir að lengja um 3,20 m þann hluta hússins, sem má byggja upp að vegg Njálsgötu 62 í sömu hæð og Njálsgata 62, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags 30. október 2018. Einnig er lagður fram skýringaruppdr. dags. 16. október 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 17. desember 2018 til og með 14. janúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Húsfélagið Njálsgötu 59 dags. 13. janúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2019. Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2019.

Kl. 11:35 vikur Gunnlaugur Bragi Björnsson af fundi, Alexandra Briem tekur sæti á fundinum á sama tíma.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A**, breyting (01.174.1) Mál nr. SN180830  
á deiliskipulagi  
411112-0200 Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 5. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að ekki er lengur heimilt að rífa húsin að Hverfisgötu 98A og 100, en heimilt verður að hækka þau um eina hæð og ris. Í hvoru húsi má gera ráð fyrir einni íbúð á hverri hæð, allt að 4 íbúðum í hvoru húsi. Kvöð verður um aðkomu gangandi um undirgöng á Hverfisgötu 98A að baklóð. Heimilt verður að rífa núverandi hús að Hverfisgötu 100A og byggja í staðinn nýtt hús á lóðinni, kjallara, 3 hæðir og ris, með allt að 6 íbúðum af mismunandi stærðum. Heimilt verður að byggja svalir til suðurs allt að 1,6 m að dýpt. Á jarðhæðum má gera ráð fyrir íbúðum og því er ekki lengur skilyrði að vera þar með verslunar- eða þjónustustarfsemi, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 12. mars 2019. Einnig er lagt fram tillöguhefti ódags. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Ellidabraut 4-22**, breyting á (04.772.3) Mál nr. SN190121  
deiliskipulagi  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
530214-0870 Teiknistofan Stord ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 21. febrúar 2019 ásamt greinargerð dags. 28. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðanna nr. 4-22 við Elliðabraut. Í breytingunni felst að stækka afmörkun deiliskipulags að Breiðholtsbrautinni að núverandi göngustíg frá undirgöngum úr Víðidal að Björnslundi og að hringtorgi við Þingtorg, gera hljóðmön og göngu- og hjólastíg milli Breiðholtsbrautar og Elliðabrautar 4-22, fjölga íbúðum við Elliðabraut 12-22, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stord ehf. dags. 4. mars 2019. Einnig er lögð fram hljóðskýrsla verkfræðistofunnar Eflu dags. 19. mars 2019.

Kl. 11:45 Hildur Björnsdóttir vikur af fundi

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (B) Byggingarmál

10. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1012 frá 12. mars 2019.

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

11. **Umferð hópbifreiða í Reykjavík,** Mál nr. US190009  
tillögur og ábendingar

Lagt er fram bréf frá Samtökum ferðapjónustunnar dags. ódagssett. þar sem ábendingar og tillögur eru settar fram varðandi safnstæði í Reykjavík. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 14. mars 2019

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 14. mars 2019 samþykkt.

Skipulags og samgönguráð bókar:

Skipulags og samgönguráð þakkar tillögur samtaka ferðapjónustunnar. Það er mikilvægt verkefni að finna hentuga staði fyrir safnstæði hópbifreiða. Ráðið telur æskilegt að þessi stæði verði ekki til frambúðar innan miðborgarinnar heldur í jaðri hennar í samráði við ferðapjónustuna.

12. **Reykjanesfólkvangur,** fundargerð Mál nr. US130107

Lögð fram fundargerð Reykjanesfólkvangs frá 6. febrúar 2019.

13. **Björgun á Álfsnesi,** tillaga að Mál nr. US190072  
matsáætlun

Lögð er fram skýrsla frá Skipulagsstofnun varðandi ákvörðun um tillögu að matsáætlun vegna landfyllingar og höfn Björgunar á Álfsnesi dags. 28. febrúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu að matsáætlun um landfyllingu og höfn fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar ehf. í Álfsnesi dags. 3. janúar 2019.

Kynnt

Snorri Sigurðsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

Kl. 12:22 vikur áheyrnarfulltrúinn Daníel Örn Arnarsson af fundi.

14. **Úlfarsárdalur,** endurheimt votlendis- Mál nr. US190094  
líffræðilegur fjölbreytileiki

Lagt fram bréf borgarráðs dags. 7. mars 2019 þar sem kynnt er samþykkt borgarráðs til að bjóða megi út framkvæmdir við endurheimt votlendis og mótun lands í Úlfarsárdal. Jafnframt samþykkti borgarráð að vísa erindinu til kynningar í skipulags- og samgönguráði.

Kynnt.

Snorri Sigurðsson og Guðrún Birna Sigmarsdóttir verkefnisstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið

### (D) Ýmis mál

15. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn**, breyting á aðalskipulagi, stækkun hafnarsvæðis Mál nr. SN180358
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. mars 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna landfyllingar við Klettagarða við Sundahöfn.
16. **Borgartún 1 og 3**, breyting á (01.216.2) Mál nr. SN180844  
deiliskipulagi  
450613-2310 BE eignir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. mars 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóða nr. 1 og 3 við Borgartún.
17. **Freyjubrunnur 23**, breyting á (02.695.4) Mál nr. SN180649  
deiliskipulagi  
260662-6519 Jón Hrafn Hlökkversson, Holtsbúð 27, 210 Garðabær  
520515-1000 Mánalind ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. mars 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Freyjubrunn 23.
18. **Lækjargata 8**, breyting á deiliskipulagi (01.140.5) Mál nr. SN180334  
450269-3609 Lækur ehf., Bæjarlind 6, 201 Kópavogur  
490597-3289 Studio Granda ehf., Smiðjustíg 11b, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. mars 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.140.5, Pósthússtrætisreits, vegna lóðarinnar nr. 8 við Lækjargötu.
19. **Skálafell**, breyting á deiliskipulagi (35.3) Mál nr. SN190083  
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. mars 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Skálafelli.
20. **Hraunbær 102B-E**, kæra 18/2019 (04.343.3) Mál nr. SN190160  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 11. mars 2019 ásamt kæru dags. 7. mars 2019 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa þann 11. febrúar 2019 vegna skjólveggja við Hraunbæ 102BE.  
Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.
21. **Norðurbrún 2**, kæra 20/2019 (01.352.5) Mál nr. SN190171  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. mars 2019 ásamt kæru dags. 12. mars 2019 þar sem kærð er samþykkt borgarráð frá 7. febrúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Norðurbrún.  
Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.
22. **Árbæjarblettur 62/Þykkvibær 21**, kæra (04.350.9) Mál nr. SN180136  
10/2018, umsögn, úrskurður

701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 24. janúar 2018 ásamt kæru mótt. 22. janúar 2018 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi Árbæjar - Seláss vegna lóðarinnar Árbæjarblettur 62/Þykkvabær 21. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 13. mars 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 14. mars 2019. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá 14. september 2017 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Árbæjar - Seláss vegna lóðarinnar Þykkvabær 21.

23. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði**, um gerð fjallahjólaleiðar í Esjunni Mál nr. US190096

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði um gerð fjallahjólaleiðar í Esjunni. Skipulags- og samgönguráð samþykkir að fela Umhverfis- og skipulagssviði að skipuleggja fjallahjólaleið frá Gunnlaugsskarði í Esju að Mógilsá í Kollafirði. Leiðin skal fundin og búin til í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur, fjallahjólara (til dæmis Íslenska fjallahjólabandalagið) og aðra hagsmunaaðila. Markmið með tillögunni væri að nýta Esjuna betur sem útivistarsvæði og skapa fleiri tækifæri til útivistar. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa og skrifstofu umhverfisgæða

24. **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins** varðandi samráð við hagsmunaaðila við Laugarveginn vegna göngugatna Mál nr. US190097

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins spyr hvers vegna var ekki haft samráð við hagsmunaaðila við Laugaveginn þegar ákveðið var að gera hann að göngugötu. Á blaðamannafundi Laugavegsamtakanna 19.3.2019 kom fram að ekkert samráð var haft við verslunar og fyrirtækjaeigendur við götuna, hvað þá íbúa. Laugarvegurinn og nærliggjandi götur sem eru með verslunar og veitingarými eru aðal aðdráttarafl miðborgarinnar. Þangað hafa íbúar borgarinnar sótt sérauðsynjar, skemmtun og mannlíf. Flokkur fólksins vill benda á að Reykjavík er staðsett á Íslandi sem liggur við 66° gráðu, eða á norðurhveli jarðar. Á þessu blessaða landi eru ýmis konar veðrabrigði, þá sérstaklega á vetrum. Því miður hvernig sem viðhorf fólks er, er íbúum borgarinnar nauðsynlegt að nýta sér bílinn til að komast auðveldlega um í erfiðum veðrum, sérstaklega. Verslunaraðilar við Laugaveginn og nærliggjandi götum fullyrða að verslun við Laugaveginn minnki um allt að 30% við lokun hinna ýmsu hluta gatnanna, hingað til í tilraunaskyni. Sigurborg Ósk Haraldsdóttir fullyrti í fréttatíma RUV sama dag og fundurinn var haldinn að borgarstjórn hafi samþykkt samhljóða að gera Laugaveginn að göngugötu. Borgarfulltrúi Flokk fólksins kannast ekki við það.

Meðfylgjandi er bókun Flokks fólksins frá:

**Fundargerð frá 4. sept. 2018**

**<https://reykjavik.is/fundargerð/borgarstjorn-492018>**

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Göngugötur eru vissulega skemmtilegar og lífga upp á mannlífið en að gera allan Laugaveg að göngugötu eins og komið hefur fram hjá borgarfulltrúa meirihlutans að gæti staðið til er kannski fullbratt að mati Flokks fólksins þar sem ekki liggur fyrir skýr afstaða borgarbúa hvað þá hugmynd varðar. Borgarfulltrúi vill vera alveg viss um að það að gera allan Laugaveginn að göngugötu, samræmist óskum, vilja og væntingum borgarbúa, kaupmanna við

Laugaveg og annarra hagsmunaðila áður en slík aðgerð kemur til greina.  
Borgarfulltrúar Flokks fólksins og Miðflokksins sátu hjá.  
Frestað.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 13:03**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Alexandra Briem.  
Hjálmar Sveinsson  
Katrín Atladóttir.

Aron Leví Beck  
Eyþór Laxdal Arnalds

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 12. mars kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1012. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Edda Þórsdóttir, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Oskar Torfí Þorvaldsson og Jón Hafberg Björnsson.  
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.  
BN055690  
630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að innrétta verslun í rými 0104 í G2 á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Gjald kr. 11.200 + 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
2. Áland 1 (01.847.101) 108719 Mál nr.  
BN054942  
110873-3799 Magnús Einarsson, Áland 1, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar steinsteypa viðbyggingu við einbýlishús á lóð nr.1 við Áland.  
Útskrift úr embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2018.  
Stærðir: 59,3 ferm., 183,8 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. Ármúli 19 (01.264.104) 103531 Mál nr.  
BN055873  
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um breytingar á gluggum og hurðum auk breytinga innanhúss í iðnaðarhúsi á lóð nr. 19 við Ármúla.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
4. Ármúli 34 (01.293.203) 103810 Mál nr.  
BN055817  
441105-0370 Stekkholt ehf, Breiðuvík 17, 112 Reykjavík  
120658-4339 Margrét Brynjólfssdóttir, Breiðavík 17, 112 Reykjavík  
050364-4029 Guðrún Sólveig Pálmadóttir, Breiðavík 17, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta söluturn á 1. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 34 við Ármúla.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.



Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

5. Ásvallagata 33 (01.162.201) 101259 Mál nr.  
BN055456  
221086-2879 Sandra Gísladóttir, Ásvallagata 37, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka gat í burðarvegg íbúðar á efri hæð í húsi nr. 37 á lóð nr. 33 við Ásvallagötu.  
Erindinu fylgir umsögn Minjastofnunar dagsett 5. febrúar 2019 og umsögn burðarvirkishönnuðar á aðaluppdrætti.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
6. Baldursgata 13 (01.184.511) 102116 Mál nr.  
BN055866  
680269-5649 Haagensen ehf., Njálsgötu 13b, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að lækka gólf um 50 cm og breyta innra skipulagi ósamþykkrar íbúðar í kjallara þannig að hún öðlist gildi sem samþykkt í íbúð í íbúðarhúsi nr 13 á lóð við Baldursgötu 13 og Óðinsgötu 25  
Stækkun: 0.0 ferm., 28.3 rúmm.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi nr. 13 við Baldursgötu.  
Gjald: 11  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
7. Barðastaðir 25-35 (02.404.502) 178850 Mál nr.  
BN055868  
420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka eldhús, innrétta hluta anddyris sem skrifstofu og uppfæra brunavarnir í notkunarflokk 6, í húsinu á lóð nr. 35 við Barðastaði.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
8. Bárugata 30 (01.135.219) 100468 Mál nr.  
BN055023  
300675-3799 Ásgeir Westergren, Bárugata 30, 101 Reykjavík  
071274-5439 María Elísabet Pallé, Bárugata 30, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka efstu hæð og klæða með bárujárnri einbýlishús á lóð nr. 30 við Bárugötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. nóvember 2018 fylgir erindi.  
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Stýrimannastíg 6, 8 og 10, Bárugötu 29 og 30A og Ránargötu 29A frá 17. október 2018 til og með 14. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust.  
Stækkun: 55 ferm., 193,7 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. Bildshöfði 9 (04.062.001) 110629 Mál nr.  
BN055855  
650106-2960 Heild ehf, Krókamýri 74, 210 Garðabær  
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
Sótt er um breytingar á erindi BN055470 þar sem hjólageymslu er breytt að hluta til í geymslu fyrir gaskúta, innra skipulagi Mathallar breytt og loftræstistokkar á austurhlíð eru færðir á vesturhlíð húss á lóð nr. 9 við Bildshöfða.  
Erindi fylgir skýringaruppdrættir, smækkaðar teikningar nr. 1.01-03 og 1.01-04 mótt. 26. febrúar 2019 og bréf hönnuðar dags. 07. mars 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
10. Bjarmaland 10-16 (01.854.401) 108778 Mál nr.  
BN055823  
291272-5339 Reynir Finndal Grétarsson, Bjarmaland 16, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja yfir bakinnangang, innrétta og nýta þakrými, setja upp stiga, breyta þaki og setja kvist á hús nr. 16 við Bjarmaland.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. mars 2019 fylgir erindi, ásamt tölvupósti byggingarfulltrúa dags. 4. mars 2019 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka frá embætti skipulagsfulltrúa. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
11. Borgartún 8-16A (01.220.107) 199350 Mál nr.  
BN055784  
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047805 þannig að nokkrar súlur og veggir hafa færst til, geymslur hafa verið felldar niður, ný útfærsla er á bráðabirgðastigahúsi og áfangamörkum að síðasta áfanga bílakjallara, BK7, hefur verið breytt á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa dags. 6. febrúar 2019.  
Gjald 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
12. Borgartún 8-16A (01.220.107) 199350 Mál nr.  
BN055880  
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047928 þannig brunatexti er uppfærður, stjórnbúnaði vatnsúðakerfis er komið fyrir á jarðhæð á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
13. Bragagata 22 (01.186.642) 102337 Mál nr.  
BN055558  
090366-2469 Tove Elizabet Gulbrandsen, Noregur, Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í verslunarrými á 1. hæð húss á lóð nr. 22 við Bragagötu.  
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa áritað á uppdrátt og bréf hönnuðar dags. 5 mars 2019.  
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2017 við fyrirspurn SN70809.

Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

14. Brúnastaðir 51 (02.425.309) 178539 Mál nr.  
BN055709  
301073-4889 Arthur Garðar Guðmundsson, Brúnastaðir 51, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera útidyr á baðherbergi og fyrir áður gerðum breytingum við gerð arins og millilofts á húsi nr. 51 við Brúnastaði.  
Stækkun: 25,5 ferm.  
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 4. febrúar 2019, bréf hönnuðar dags. 4. febrúar 2019 og 8. febrúar 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. Döllugata 4 (05.113.706) 214845 Mál nr.  
BN055846  
160678-5859 Guðrún Davíðsdóttir, Álfheimar 29, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með auka íbúð og innbyggðum bílskúr úr CLT krosslímdu timbureiningum á staðsteyptum grunni.  
Stærðir:  
A-rými: 339.7 ferm., 1.238.0 rúmm.  
B-rými:  
Nýtingarhlutfall: 0.49  
Erindi fylgir lóðablað 5.113.7 dags. 21. febrúar 2008 og hæðablað Reynisvatnsás, Döllugata 2-10 og Gissurargata 1-7 dags. 11. mars 2008.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
16. Efstasund 2 (01.355.009) 104322 Mál nr.  
BN055720  
160759-4029 Páll Ægir Pétursson, Efstasund 2, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka svalir á rishæð húss nr. 2 við Efstasund.  
Erindi fylgir umboð eiganda til arkitekts dagsett 11. janúar 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
17. Efstasund 77 (01.410.117) 105000 Mál nr.  
BN055715

250692-2269 Ísak Thorberg Gunnarsson, Efstasund 77, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka rishæð og breyta þakgerð á húsi nr. 77 við Efstasund.  
Stækkun: 9,9 ferm., 17,1 rúmm.  
Erindinu fylgir afrit af umsögn Skipulagsfulltrúa dagsett 1. júní 2018.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar  
2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda og einnig vantar samþykki meðeigenda.

18. Eyjarlóð 7 (01.110.504) 100022 Mál nr.  
BN055771  
570108-1310 Hifandi ehf., Eyjarlóð 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta rými 0104 fyrir matvælaframleiðslu í húsi á lóð nr.  
7 við Eyjarlóð.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
19. Fellsmúli 24-30 (01.297.101) 103858 Mál nr.  
BN055884  
130494-2859 Særós Þrastardóttir, Asparfell 8, 111 Reykjavík  
600302-2560 Dalborg hf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að innrétta hárgreiðslustofu í rými 0101 í húsi á lóð nr. 24 við  
Fellsmúla.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
20. Fiskislóð 71-73 (01.087.102) 100007 Mál nr.  
BN054184  
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
640511-0870 Norðanmenn ehf, Stórhöfða 17, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja milligólf í núverandi byggingu ásamt því að byggja  
viðbyggingu á tveimur hæðum til vesturs og einni hæð til norðurs og klæða eldri  
hluta með sömu klæðningu og viðbyggingar í húsi á lóð nr. 71-73 við Fiskislóð.  
Stækkun:  
Milligólf 283,3 ferm., viðbygging 1.361,3 ferm., 5.507,8 rúmm.  
Samþykki meðlóðarhafa ritað á teikningu fylgir erindi, einnig fylgir erindinu  
útreikningur á varmatapi byggingarinnar dagsett 5. mars 2018 og 5. mars 2019,  
bréf hönnuðar dagsett 6. mars 2018 og 5. mars 2019.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
21. Flókagata 16A (01.247.204) 103355 Mál nr.  
BN055797  
570210-1140 Jóli slf., Flókagötu 16a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr í suðausturhorni lóðar nr. 16A við Flókagötu.  
Stærðir: 36.4 ferm., 107.7 rúmm.  
Erindi fylgir mæliblað 1.247.2 dags. í september 1948.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.  
Vísað til uppdráttu 01, 02 dags. 5. febrúar 2019.

22. Friggjarbrunnur 42-44 (05.053.201) 205962 Mál nr.  
BN055686  
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048498 með því að fækka bílastæðum úr 94 í 86 á suðurhluta lóðar, færa rafmagnsinntök, lagfæra stærð svala og sorpgerðis við fjölbýlishús á lóð nr. 42-44 við Friggjarbrunn.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
23. Fríkirkjuvegur 11 (01.183.413) 101973 Mál nr.  
BN055850  
631007-1630 Novator F11 ehf., Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN049604 þannig að fjölgað verður starfsmannaskápum í starfsmannarýmum ásamt því að setja skáp utan um núverandi ræstivask í húsinu á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
24. Funafold 5 (02.861.003) 110153 Mál nr.  
BN054893  
060858-6249 Hartmann Kristinn Guðmundsson, Funafold 5, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við vesturhlið húss og stækkun á bílskúr á lóð nr. 5 við Funafold.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018.  
Stækkun: Bílskúr xx ferm., xx rúmm. og íbúðarhús xx ferm., xx rúmm.  
Samtals stækkun: 32,3 ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
25. Grandavegur 42 (01.520.401) 216910 Mál nr.  
BN055583  
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046483 með því að bæta við rými fyrir rafstöð í neðri kjallara, til að loka bílgeymslu, breyta innra skipulagi í íbúðum, stækka íbúðir 01-0603, 02-0703 og 03-0903, fella út glugga í stigahúsi, breyta hurðum í mhl. 03 og bæta við svalalokunum í mhl. 01, 02 og 03 vegna lokaúttektar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 42 við Grandaveg.

Stækkun: 26,3 ferm., 86,2 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

26. Grensásvegur 12 (01.295.406) 103853 Mál nr.  
BN054738  
560514-0850 Lómur ehf., Gnípuheiði 2, 200 Kópavogur  
491177-0209 Dýraverndarsamband Íslands, Grensásvegi 12A, 108 Reykjavík  
201182-4929 Tímon Davíð Steinarsson, Hlíðarvegur 71, 625 Ólafsfjörður  
Sótt er um leyfi til að byggja tvennar svalir á 2. hæð og innrétta 9 íbúðir í bakhúsi nr. 12A á lóð nr. 12 við Grensásveg.  
Bréf frá brunahönnuði dags. 7. mars 2019 fylgir erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
27. Grensásvegur 22 (01.801.215) 107636 Mál nr.  
BN055787  
670976-0419 Olav Forum ehf, Grensásvegi 22, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að opnað hefur verið yfir lóðamörk að nr. 24 í mhl. 02 og innréttað heildverslun í mhl. 02 sem byggð var sem bílageymsla á lóð nr. 22 við Grensásveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda og einnig í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.
28. Grensásvegur 24 (01.801.214) 107635 Mál nr.  
BN055731  
680501-3350 Samasem ehf., Grensásvegi 22-24, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að opnað hefur verið yfir lóðamörk að nr. 22 og 24 og innréttað heildverslun í mhl. 02 sem byggður var sem bílageymsla á lóð nr. 24 við Grensásveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda og einnig í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.
29. Grensásvegur 26 (01.801.213) 107634 Mál nr.  
BN055716  
680501-3350 Samasem ehf., Grensásvegi 22-24, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að saga niður úr gluggum á suðurgafli og koma fyrir flóttastiga ásamt breytingum á innra skipulagi og innrétta gististað í flokki II fyrir 23 gesti sem verður rekið með gistiheimili á lóð nr. 24 og blómaheildsölu í mhl. 02, að auki er gerð grein fyrir áður gerðum breytingum sem eru stækkun sólskála á 2. hæð, bygging utanum gám við suðurgafli, lækkun gólfs í kjallara, bygging gróðurskála milli mhl. 01 og 02 að hluta til inná lóð nr. 24 ásamt því að breytingar hafa verið gerðar á innra skipulagi og opnað yfir lóðamörk að nr. 24 í bakhúsi á lóð nr. 22 við Grensásveg.  
Stækkun, útigeymsla: 51,9 ferm., 145,3 rúmm.  
Gróðurskáli og tengingangur: 212 ferm., 632,9 rúmm.  
Sólskáli: 21,6 ferm., 55,5 rúmm.  
Samtals: 285,7 ferm., 833,7 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda og einnig í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.

30. Grettisgata 50 (01.190.106) 102381 Mál nr.  
BN055799  
050573-5169 Hulda Kristín Guðmundsdóttir, Grettisgata 50, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta þrjár íbúðir í bakhúsi á lóð nr. 50 við Grettisgötu.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. febrúar 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
31. Grettisgata 54B (01.190.110) 102385 Mál nr.  
BN055776  
550305-0380 Reir ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
201265-3129 Rannveig Eir Einarsdóttir, Sæbraut 9, 170 Seltjarnarnes  
Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja tvo glugga á norðvesturhlíð 2. hæðar ásamt því að innrétta íbúð á jarðhæð og breyta staðsetningu á eldhúsum efri hæða í húsi á lóð nr. 54b við Grettisgötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.
32. Hallveigarstígur 1 (01.171.208) 101389 Mál nr.  
BN055847  
550513-0560 PARAS ehf., Súlunesi 14, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að grafa frá kjallara til norðurs, koma fyrir inngangi og útisvæði fyrir veitingarsal, settar verða hurðir á norðurgaflinn sem og skábraut og tröppur niður á útisvæðið við kjallarann í húsi nr. 1 við Hallveigarstíg.  
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 3. mars 2019 og samþykki meðlóðarhafa dags. 26. september 2017 fylgir erindi.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
33. Háagerði 21 (01.815.211) 107987 Mál nr.  
BN055657  
130977-5969 Ólafur Þorsteinsson Briem, Háagerði 21, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja geymslu og sólstofu við eldhús raðhúss á lóð nr. 21 við Háagerði.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019.  
Einnig fylgir bréf umsækjanda dags. 30. janúar 2019 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. febrúar 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.  
Stækkun: 40,4 ferm., 105,7 rúmm.

Gjald kr. 11.200+11.200  
Frestað.  
Uppfærðum teikningum vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

34. Hádegismóar 6 (04.411.401) 213068 Mál nr.  
BN054110  
431276-0629 Snæland Grímsson ehf, Langholtsvegi 109, 104 Reykjavík  
Sótt er um breytingu á erindi BN051971 sem felst í því að 3. hæð er stækkuð, innra fyrirkomulagi breytt lítilsháttar, sprautuverkstæði breytt í hefðbundið verkstæði og gerð ný innkeyrsluhurð á austurhlið, auk þess sem svalir eru stækkaðar í húsi á lóð nr. 6 við Hádegismóa.  
Stækkun, mhl. 01, A-rými: 51,7 ferm., 229,7 rúmm.  
Minnkun, mhl. 01, B-rými: 3,4 ferm.  
Gjald kr. 11.000+11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
35. Hávallagata 9 (01.160.305) 101167 Mál nr.  
BN055152  
180254-2189 Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir, Hávallagata 9, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka baðherbergi í kjallara með því að taka í notkun óuppfyllt rými, byggja yfir svalir, gera nýjar og innrétta baðherbergi á fyrstu og annarri hæð í húsi á lóð nr. 9 við Hávallagötu.  
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. september 2018, samþykki frá öðrum eiganda Hávallagötu 11, dags. 1. september 2018 og samþykki eiganda Sólvallagötu 4 fylgja erindi.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2018.  
Stækkun: 12,1 ferm., 31,2 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
